

VITAFÉLAGIÐ

Íslensk ströndmenning

Íslensk ströndmenning

- STAÐA HENNAR OG FRAMTÍÐ

Tónlistarskólanum Akranesi, mánudaginn 4. mars 2024 kl. 13:00-17:15

Sigmundur Ernir Rúnarsson málþingsstjóri býður gesti velkomna
Sigurbjörg Árnadóttir formaður Vitafélagsins-Íslenskrar ströndmenningar setur
þingið og flytur aðfararorð

SAGA STRANDEMNINGAR 2x20 mínútur

- **Saga ströndmenningar** – **Arni Daniel Júlíusson, sagnfræðingur**
- **Sjórinn gefur og sjórinn tekur. Minjastaðir við sjávarsíðuna, menningararfur í hættu**
– **Lísabet Guðmundsdóttir, fornleifafraeðingur, minjavörður Vestfjarða**

Pallborð undir stjórn málþingsstjóra

- Anita Elefsen, safnstjóri Sildarminjasafnsins
- Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri Samtaka ferðapjónustunnar
- Helena Guttormsdóttir, lektor við Landbúnaðarháskólann
- Rúnar Leifsson, forstöðumaður Minjastofnunar

Hlé í 15 mín

HUGUR OG HÖND 3x20 mínútur

- **Ströndmenning í bókmenntum** – **Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor HÍ**
- **Úr baðstofu í Fab Lab – íslenska langspilið í nýju ljósi** - **Eyjólfur Eyjólfsson, tónlistarmaður og þjóðfræðingur**
- **Hvernig varðveitum við handverkið?** – **Eivind Falk, framkvæmdastjóri Norsk Håndverksinstitutt**

Pallborð undir stjórn málþingsstjóra

- Sigrún Franklín, leiðsögumaður á Reykjanesi
- Linda María Ásgeirsdóttir, Matur og ströndmenning í Hrísey
- Birkir Þór Guðmundsson, bátasmiður
- Sigurlaug Dagsdóttir, starfsmaður Lifandi hefða

Hlé í 15 mín

NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ 2x20 mínútur

Kl. 16:05

- **Ströndmenning hér og nú og framtíð sjávarbyggða** -**Dr. Catherine Chambers, Stofnun Vilhjalms Stefánssonar**
- **Skemmtiferðaskip og vöktun stranda** – **Katrín Sóley Bjarnadóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir, sérfræðingar, Umhverfisstofnun**

Pallborð 16:45

- Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri
- Lúðvík Geirsson, formaður Hafnarsambands Íslands
- Andrés Skúlason, formaður fornminjanefndar
- Erlendur Bogason, kafari

RÁÐSTEFNULOK KL. 17:15 HARALDUR BENEDIKTSSON, BÆJARSTJÓRI Akraneskaupstaður



SÖKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

VINSAMLEGAST SKRÁIÐ
YKKUR Á MÁLÞINGIÐ
WWW.VITAFELAGID.IS

ÓKEYPIS RÚTA
Rútuferð verður frá
Laugardalsvelli
kl. 11.50
ef fleiri en 15 skrá sig
fyrir 29. febrúar

RITSTJÓRN OG ÁBYRGDARMENN: STJÓRNIN



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ

Íslensk ströndmenning

1. tbl. 2024

Kæru lesendur

Það er alltaf hollt á tímamótum að horfa um öxl og reyna að spá á framtíðina. 20 ár eru kannski ekki langur tími í sögunni en í lífi áhugamannafélags er þetta langur tími og sérstaklega þar sem starfsemin hvílir á herðum fárra. Í raun er á bakvið félagið bara einn hugmyndasmiður, Sigurbjörg Árnadóttir, sem hefur verið formaður félagsins frá upphafi. Hún hefur verið óþreytandi við að skapa félaginu rými í samfélaginu og nýta það til góðra verka.

Hvað ef... Fyrst er því að horfa um öxl og spyrja hvað hefur þetta félag gert á 20 árum? Hefði það breytt einhverju ef þetta félag hefði ekki orðið til? Hefur félagið markað einhver spor í samfélag okkar og ef það hefði ekki orðið til, hvernig væri staðan nú?

Fyrir 20 árum var lítið hugsað um þær minjar sem enn má sjá við strendur landsins. Gömlu útgerðarstaddir og varirnar voru í flestum tilfellum bara grjóthrúgur. Við höfum því miður eyðilagð fleiri báta en tölu verður á komið, brennt þá eða sökkt í nafni úreltingar. Orðið **ströndmenning** var ekki einu sinni til í íslenskri tungu árið 2003 þegar félagið var stofnað.

Það voru fáir sem sáu strendurnar sem geymslustaði fyrir okkar dýrmætasta menningararf þegar haft er í huga að íslenskt samfélag þróaðist fyrst þegar við lærðum að smíða báta, veiða, verka aflann og koma honum í verð. Af hverju var ekki sinnt um varðveislu bátanna sem höfðu skilað okkur dýrmætum afla til lands og aukið þannig á velmegun í samfélaginu. Af hverju var svo lítil áhugi á sögu ströndmenningar á Íslandi og raun bar vitni?

Sem betur fer var hópur fólks sem sá gildi þess að halda þessum menningararfi á lofti og í ljósi þess hversu fáar áþreifanlegar minjar voru við strendurnar var félagið nefnt **Vitafélag** vegna þess að vitarnir voru þó sýnilegir. En jafnvel þeir áttu undir högg að sækja, með tækni-væðingu nútímans hafði hlutverk þeirra minnkað. Eitt fyrsta verkefni Vitafélagsins var því að stuðla að friðlýsingu merkustu vitanna.

Stofnun Vitafélagsins og 20 ára starfsemi þess hefur fyrst og fremst miðað að því að varðveita þá dýrmætu sögu sem íslensk ströndmenning er og kynna hana nýjum kynslóðum. Í 20 ára sögu félagsins hefur það m.a. haldið reglulega fræðslufundi með alls kyns sérfræðingum um málefni tengd hafi og strönd. Staðið fyrir málþingum, ráðstefnum, haldið ströndmenningarhátíðir annað hvort eitt eða í norrænni samvinnu, gefið út ráðstefnurit um málefni hafs og strandar, staðið að gerð kvikmyndar um íslenska vitann og nú síðast unnið að því að koma hluta íslenskrar ströndmenningar, smíði súðbyrðingsins á lista Unesco.

Bak við öll þessi verkefni er hugmyndin um að varðveita þann mikilvæga þátt íslenskrar sögu sem er fólgin í ströndmenningu og halda honum á lofti.

Nú tíminn

Staða félagsins í dag er sú að félagið er mjög virkt í því að kynna fleiri þætti ströndmenningarinnar og hugmyndir um hvað megi kynna og vekja athygli á. En jafnvel núna eftir 20 ár hefur félagið ekki getað fengið fasta styrki til starfsemi sinnar frá hinu opinbera. Rétt eins og ströndmenning sé eitthvert einkamál félags úti í bæ. Í hvert sinn sem nýtt verkefni er skipulagt upphefst mikil vinna við fjárfloflun til þess að hægt sé að sinna þessum menningararfi.

Framtíðin

Það er ekki auðvelt að sjá hvernig félagið verður eftir 20 ár. Ekki er víst að það verði til, því varla er hægt að búast við að eldhugarnir sem upphaflega stofnuðu félagið, geti haldið endalaust áfram án þess að fá nokkra umbun fyrir sína vinnu og þann gríðarlega tíma og fórnfýsi sem lögð hefur verið í starfsemina. Auðvitað ætti félagið að vera á fjárlögum svo tryggja mætti framtíðarverkefni sem stuðla að varðveislu þessa mikilvæga menningararfs.

Það er ósk mín núna á afmæli félagsins að í framtíðinni sjáum við betur gildi og fegurð í okkar gömlu hefðum. Gaman væri að sjá að gamlar útróðravarir endurbyggðar til að sýna framtíðar Íslendingum dæmi um það hugvit og útsjónarsemi sem þurfti til að byggja upp nútíma Ísland. Lengi vel stóð okkur á sama um torfbæina og töluðum um þá sem torfkofa í niðrandi tón. Nú eru þau viðhorf að breytast og hönnun og bygging húsa úr grjóti og torfi eru nú talin til merkra menningarminja og húsagerðarlistar um víða veröld. Við verðum að vona að ekki verði búið að eyðileggja síðustu trébatana áður en við sjáum gildi þeirra. Við höfum t.d. glatað miklu vegna skeytingarleysis í málefnum tréskipa. Við sjáum Sigurfara grotna niður á Akranesi en vonandi tekst að bjarga Maríu Júlíu áður en eins fer fyrir henni.

Mér hefur stundum dottið í hug að við lifum í sviðuðum heimi og kóngulóin sem horfði á vefinn sinn og sá hann var mjög gott verk. En það var einn þráður sem ekki virtist þjóna neinum tilgangi. Hann bara lá upp í loftið, virtist ekki hluti af snilldarsmið vefsins. Kóngulóin tók því sig til og sleit þráðinn. Hún hafði ekki séð að þetta var þráðurinn sem allur vefurinn byggðist á og með því að slíta þráðinn þá hrundi allur vefurinn.

Við erum nýrík þjóð og kannski er svo stutt síðan við gátum nýtt þau lífsgæði sem landið hefur upp á bjóða að græðgin hefur náð yfirhöndinni. Vonandi breytast viðhorf okkar til fortíðar og við sjáum að þráðurinn í íslenskri menningarsögu hefur gildi í sjálfu sér hvort sem hann hjálpar okkur að veiða fleiri flugur eða ekki. Nú þurfum við sem þjóð að varðveita það sem eftir er af gömlu ströndmenningunni okkur og gæta þess að slíta ekki tengslin við fortíðina.

Sigrún Klara Hannesdóttir



Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar við minningarstund um látna sjófarendur

Hafnarfjarðarkirkju 11. febrúar 2024

Biskup Íslands, sendiherra og sendifulltrúar,
kæru gestir á þessari fallegu minningarstund.

Ég þakka ykkur fyrir að koma hér saman. Þannig heiðrum við minningu þeirra sem hlutu vota gröf fyrir 65 árum, þeirra sem héldu úr höfn á fjórum skipum í þremur löndum en sneru ekki aftur heilu og höldnu. Alls voru þau 153 og harmurinn mikill á mörgum heimilum.

Við fögnum því og þökkum fyrir það, við Íslendingar, að sjóslysum hefur snarfækkað hér við land. Þau líða jafnvel heilu árin án þess að mannskaði verði á hafi úti. Vissulega vitum við af þeirri ógn sem þar getur beðið, sem getur valdið svo miklum háska og meini. Í nýliðinni viku sökk fiskiskipið Kambur við Færeyjar. Fjórtán manns var bjargað en tveggja saknað. Nú er hugur okkur því með frændum vorum Færeyingum, rétt eins og þeir hugsa hlýtt til okkar og rétta hjálparhönd þegar mikið liggur við.

Söguna verðum við líka að kunna. Við þurfum að meta að verðleikum líf þeirra sem hér drógu björg í bú og gegndu sínum störfum í eigin þágu og annarra. Skipverjarnir á síðutogaranum Júlí vonuðust að sjálfsgöðu eftir þokkalegum hlut þegar þeir héldu í sína veiðiferð snemma árs 1959. Jafnframt lá fyrir að með iðju sinni myndu þeir leggja sitt af mörkum til samfélagsins alls. Frá byrjun síðustu aldar byggðust aukin lífsgæði og framfarir á Íslandi að miklu leyti á tækniþróun í sjávarútvegi; vélvæðingu og stærri skipum, nýjum verksmiðjum og fiskiðjuverum, nýrri þekkingu af ýmsu tagi.

Smám saman jókst líka öryggi manna til sjávar. Vitar voru reistir, ljósduflum komið fyrir undan ströndum landsins og þeim þurfti að sinna. Til þess var fengið vitaskipið Hermóður og þar um borð lögðu menn því sitt af mörkum, reyndar einnig við landhelgisgæslu þegar aðrar annir leyfðu. Áhöfnin var samhent, andinn góður. Það veit ég nánast frá fyrstu hendi því að afi minn var skipstjóri á Hermóði – var í frittúr þegar skipið fórst.

Víst má segja það sama um mennina á Júlí og Blue Wave, hinum kanadíska togara sem einnig fórst snemma árs 1959. Á þessari minningarstund minnumst við einnig þeirra sem fóru þá frá Grænlandi í sína hinstu ferð með glænýju farþegaskipi, Hans Hedtoft. Sjórinn átti að vera örugg og greið siglingaleið en því reyndist ekki að heilsa.

Hvers vegna fór svo sem fór? Hvers vegna urðu þessi skelfilegu sjóslys? Við vitum um veðurham og voðalega ísingu. Við vitum um borgarísjaka, við vitum um stórsjó og hnúta sem skella á skipum. Öll sú vitneskja hjálpaði okkur svo til að fækka slysum, og hjálpar enn. Þannig lærum við af reynslu – biturri reynslu – og reynum að fyrirbyggja frekari skaða.

En svo spyrjum við einnig hinna dýpri spurninga, um æðri máttarvöld og mannlíf sem glatast. Trú getur verið hollt haldreipi, sú trú að þótt vegir guðs séu órannsakanlegir megi halda að allt hafi einhvern tilgang og ekki síður að við hittum horfna ástvini á ný, á hamingjusömum stað. Þannig getur fólk reynt að takast á við sorg sína – djúpa sorg og hún kvaddi víða dyra eftir skipsskaðana miklu fyrir 65 árum.

Hér á Íslandi voru þau mörg sem misstu föður eða son, maka eða unnusta, mörg sem þurftu æ síðan að reyna að lifa með þeirri þraut. Þá getur samkennd varðað miklu. Á þessari kæru stund hér í Hafnarfjarðarkirkju heiðrum við minningu þeirra sem létu lífið í greipum hafnsins en vottum þeim líka samúð sem þurftu að þola hinn mikla harm. Og við þökkum fyrir að okkur hefur tekist að auka öryggi sjófarenda þótt við megum aldrei sofna á verðinum.

Loks þakka ég þeim sem áttu frumkvæði að þessari minningarstund og sýningunni hér í safnaðarheimilinu um sjóskaðana skelfilegu í ársbyrjun 1959. Þetta er svo sannarlega virðingarvert og fallegt framtak.

Góðir áheyrndur: Við minnumst nú þeirra 95 sem fórust með Hans Hedtoft, þeirra 16 sem fórust með Blue Wave, þeirra 30 sem fórust með Júlí og þeirra 12 sem fórust með Hermóði. Blessuð sé minning þeirra allra.

GUÐNI THORLACIUS SKIPSTJÓRI


Guðni Th. Jóhannesson



Guðni Th. Jóhannesson í fangi afa síns
Guðna Thorlaciusar skipstjóra

Móðurafi minn, Guðni Thorlacius, lést árið 1975 þegar ég var á sjöunda ári. Þegar ég var kominn á fullorðinsár sagði Margrét móðir mín mér frá því hversu þung spor það voru honum að halda á heimili hvers skipverja á Hermóði snemma árs 1959, votta samúð og styrkja sálir í djúpri sorg. Í einu vetfangi misstu börn föður sinn, mæður son og konur unnusta eða eiginmann. Og Guðni missti trausta vini og vinnufélaga.

Hermóður var nýlegt fley, hleypt af stokkunum í Svíþjóð árið 1947. Æ síðan hafði áhöfnin sinnt viðhaldi á vitum, baujum og duflum. Hún var samhent, valinn maður í hverju rúmi. Starfinn gat verið erfiður. Flytja þurfti gashylki og annan varning frá skipi, jafnvel upp illkleifa kletta og hamrabelti. Einnig voru vistir færðar vitavörðum á afskekktum stöðum. Árið 1962 var nýtt vitaskip smíðað í Hollandi og naut móðir mín þess heiðurs að gefa því nafnið Árvakur við hátíðlega athöfn ytra. Guðni var þar skipstjóri í tæpan áratug uns hann fór í land. Um borð var sami góði andi og í Hermóði. Menn unnu vel saman og lögðu svo sannarlega sitt af mörkum í þágu sjófarenda og samfélagsins alls.



Vitaskipið Hermóður

Ég þakka Vitafélaginu fyrir að sinna strandmenningu og sýna öfluga viðleitni í þá átt að auka þekkingu og áhuga á vitum og öðrum sögulegum minjum við stendur landsins.

ÞURFA STJÓRNVÖLD EKKI AÐ FARA AÐ LÖGUM?

Þóra Bergný, íbúi á Seyðisfirði og félagi í "VÁ"

**Brennið þið, vitar. Lýsið hverjum landa,
sem leitar heim - og þráir höfn.
(Davíð Stefánsson)**

Vitar landsins, okkar friðsömu útverðir, sem á ystu skerjum miðla sínu hvíta ljósi og vísa sjófarendum örugga leið heiman og heim, sæta nú, eins og svo margt annað í þjóðfélaginu, atlögu og ágangi norsk-íslenskra laxeldisfyrirtækja. Þetta er sú brotalöm, sem minnst hefur farið fyrir í umræðunni. Það er skýrt í lögum, að siglinga- og áhættumat á að liggja fyrir aður en leyfi til sjókvíaldis er veitt. Það hefur ekki verið raunin. Því er nefnilega svo háttað, að fiskeldisfyrirtækin hafa sjálf fengið að velja sér athafnasvæði í stað þess að þeim sé úthlutað af þar til bærum stofnunum og í samræmi við lög landsins. Síðast undirritaði innviðaráðaherra strandsvæðaskipulag, sem auk annarra annmarka, brýtur í bága við áhættumat siglinga og vitalög.

Því er svo komið nú þegar, að í háheilögum hvítum öryggisgeisla vitanna eru nú komin 28 umfangsmikil laxabú í fjölmörgum fjörðum landsins, þar sem ekkert má ekkert hefta för sjófarenda. Ríkið ber alla ábyrgð á að siglingaleiðir og siglingakort við landið séu rétt samkvæmt alþjóðlegum siglingalögum og að öryggi sjófarenda skuli gætt í hvívetna. Það vekur því furðu að stjórnvöld skuli undirgangast þetta framferði og samþykkja.



Dalatangaviti
Ljósm. Veiga Grétarsdóttir Sulebust

MARGARET WILLSON

Sigrún Klara Hannesdóttir

Margaret Willson kom inn í íslenskt samfélag eins og stormsveipur og fjallaði um íslenskar sjókonur, sem við vissum ekkert um. Það var því gaman að ræða við hana og kynna þessari merkilegu konu og hennar bakgrunni.

Margaret er fædd í Oregonfylki á vesturströnd Bandaríkjanna. Hún ólst upp í litlu sjávarþorpi og fékk þá áhuga á fiskveiðum. Þegar hún var 18 ára hleypti hún heimdraganum og fór til Ástralíu, þar sem hún vann á fiskibáti í Tasmaníu, við veiðar á humri og hákarli. Margaret hefur doktorspróf frá London School of Economics í menningarmannfræði og hefur stundað rannsóknir í nokkrum löndum. Hún er nú gistikennari við Háskólann í Seattle í Bandaríkjunum og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Hún skrifaði bók um Brasíliu, *Dance Lest We All Fall Down: Breaking Cycles of Poverty in Brazil and Beyond*, sem út kom 2010. Önnur bók hennar heitir *Seawomen of Iceland: Survival on the Edge*, frá 2013. Nýjasta verk hennar er skáldævisaga *Puríðar Einarsdóttur*, sem við þekkjum betur undir heitinu *Puríður formaður*. Bókin heitir: *Woman, Captain, Rebel: The Extraordinary True Story of a Daring Icelandic Sea Captain* og kom út 2023.



Margaret Willson

Áhugi hennar á Íslandi kom fyrir algera tilviljun. Árið 2001 bauð vinkona hennar frá Seattle henni til Íslands. Hún bauð Margaret til Stokkseyrar og þar fóru þær á safnið sem kennt er við Puríði formann. Sú heimsókn breytti algerlega lífi mínu, segir Margaret.

Ég fór að spyrja fyrir um sjókonur og hvort konur hefðu verið á sjó við Íslandsstrendur en þessi vinkona mín sagði að á Íslandi væri Puríður gjarnan talin einstök, að minnsta kosti væri ekki um margar

aðrar að ræða sem sögur færu af. Mér fannst þetta stórkostlegt. Ef ég gat veitt fisk í Ástralíu var þá ekki líklegt að konur hefðu stundað fiskveiðar á Íslandi, í þessu jafnréttislandi. Þessar umræður komu mér af stað að leita að fleiri konum. Leitinn hófst fyrir alvöru árið 2011 og ég gaf síðan út bókina *Seawomen of Iceland* 2013.

Í flestum vestrænum löndum sem eiga sögur um fiskveiðar er sagan eiginlega algerlega um karlmenn. Það sama gildir um Ísland og þar er Þórunn Einarsdóttir eina konan sem á sér skráða sögu. Gísli Pálsson sem hefur rannsakað fiskveiðar við Íslandsstrendur segir að það sé líklegt að konur hafi stundað sjóinn í gegnum söguna, þótt þær séu ekki nafngreindar.

Almennt eru frásagnir af konum við fiskveiðar sambærilegar frá einu landi til annars. Munurinn er sá að Ísland hefur varðveitt skráða sögu, skráða af almenningi um sína líka, en fólk í verkamannastétt var yfirleitt ekki að skrifa sögu í öðrum löndum. Vegna þessara rituðu íslensku heimildir er hægt að finna upplýsingar um konur sem annars hefðu horfið í gleymiskunnar dá.

Eins og við vitum öll er saga kvenna mjög oft máð út, einkum saga almúgakvenna. Það eru helst drottningar og heldri konur sem fá nöfn sín skráð í söguna, eða þá að konur hafa verið sakaðar um hræðilega glæpi og þá er þeirra helst getið í dómbókum. Í sögu fiskveiða, sem hafa sannarlega verið álitnar mjög karllæg atvinnugrein, hafa nöfn kvenna verið máð út enda kannski ekki talið við hæfi að konur stunduðu slík störf.

Upplýsingar um konur eru yfirleitt mjög af skornum skammti og við verðum að gera okkur grein fyrir því að þeir sem sáu um ritun sagnfræðinnar voru svo til alltaf karlmenn og þeim hefur eflaust þótt hlutur kvenna á þessi sviði ómerkilegur og lítillsgildur.

Margir Íslendingar, bæði karlar og konur, eru frábærir sögumenn og skáld, en oft eru það eingöngu karlarnir sem eru þekktir fyrir framlag sitt. Flestir Íslendingar kunnu að lesa og margir líka að skrifa. Þetta gæti verið arfur frá því að Íslendingasögurnar voru ritaðar, en það var líka mjög algengt að fólk lærði utan að ljóð og texta og alls kyns frásagnir. Skrifað var um margs konar athafnir, baráttu, svik, ástamál og afbrot, sem allt var mikilvægt í lífi fólks. Vegna áhuga Íslendinga á ritun er alveg hugsanlegt að finna megi þætti í sögunni sem hvergi eru til annars staðar. Það gætu mögulega fundist upplýsingar um konur sem voru bændur eða sjómenn. Ef sagnaritarar rákust á eða heyru um konur sem gert höfðu eitthvað merkilegt var þeim gjarnan bætt inn í söguna, þótt hún væri að öðru leyti mjög karllæg.

Eina ástæðan fyrir því að ég hef fengið aukinn skilning á Íslandi er að ég hef fengið mjög mikla aðstoð frá jákvæðum og gestrisnum Íslendingum. Með því að hlusta, horfa á og ræða við þolinmóða Íslendinga hef ég náð þessu innsæi og það eru Íslendingar sem hafa gert mér mögulegt að koma þessum upplýsingum í ritað nútímaform. Hugmyndirnar hafa fæðst í viðræðum við alls kyns fólk sem hefur verið mjög örlátt á að segja frá og miðla þekkingu til mín. Ég hef heimsótt Ísland nú í mörg ár og hef þannig skapað mér skilning á samfélaginu. Nú er ég að vona að bókin mín um Puríði formann komi út á íslensku og ég hlakka til að sjá viðbrögðin við henni.



Málverk eftir Bjarna Jónsson (1934-2008) af Puríði formanni

SKJÓLVÍK

Björn Ingólfsson

Einhvers staðar við ögrum skorna stönd Íslands er fremur lítil vík með sandfjöru í botni, varin til beggja handa af klettariðum sem skýla að nokkru fyrir stormi og brimi.

Innst í vikinni er trébryggja standandi á staurum sem reknir eru niður í sandbotninn. Við bryggjuna er bundinn lítill vélbátur. Upp í sandfjöruna til hliðar við bryggjuna hafa verið dregnir þrír árabátar. Fjórði báturinn stendur á sliskju til hliðar. Hún nær upp á bakkann þar sem stendur öflugt bátaspihl. Taug er milli báts og spils.

Beint upp af bryggjunni standa þrjú timburhús. Næst er Skúrinn, lágreist hús með rispaki. Þar inni er uppstokkuð lína og línubalar standandi á trillum, handfæri hangandi á vegg, pilkar, hneifar og heilásar. Til hliðar við dýrnar hanga sjóstakkar og sjóhattar á uglum, bússur á gólfinu. Í hinum enda skúrsins er bingur af salti í stíu og við hlið hans saltfiskstakkur. Framan við Skúrinn er plan, þar er aðgerðarborð og kar til að vaska fisk. Sunnanundir eru grindur til að þurrka saltfiskinn.

Ofar á bakkanum er annað hús stærra, híbýli starfsfólks, hólfað í þrennt. Kvennaherbergi í öðrum enda, karla í hinum. Í miðjunni pláss fyrir matseld og frístundir.

Þriðja húsið er stærst, þar eru smíðaðir bátar. Súðbyrtir árabátar. Einn á hverju sumri.

Frá vikinni liggur malarvegur með grasgrónum köntum upp að þjóðvegi. Þar við gatnamótin stendur skilti á tveimur rekaviðarstaurum.

SKJÓLVÍK
veiðistöð fyrri tíma.

Opið frá 15. júní til 15. ágúst


Komdu og láttu reyna á

Í þessari veiðistöð starfar nokkur hópur karla og kvenna. Sumir með fast aðsetur þessa tvo mánuði, aðrir koma frá næsta þorpi og fara á milli. Meðan sumir fara út á sjó á vélbátum eru aðrir í landi að beita línuna og gera að aflanum frá kvöldinu áður.

Svo ber að ferðamenn. Sumir kjósa aðeins að horfa á og fylgjast með, láta mynda sig í sjóstakk og bússum með sjóhatt á höfði. Stilla sér upp við bát í fjörunni. Á hendurnar fá þeir víða belgvettlinga með svartan laska og hvítan belg og þumal í báðar áttir.

Sumir fá að beita, gera að og salta undir tilsögn fastra starfsmanna Skjólvíkur. Aðrir hafa pantað að fá að fara í róður. Þegar þeir koma að fá þeir að kasta aflanum upp á bryggjuna með sting, tína hann þar upp í hjólbörur og hjóla honum upp á planið við Skúrinn þar sem gert verður að, hausað og flatt.

Ef einhver vill frekar skreppa á skak á árabát, einn eða með öðrum fær hann bátformann með sér úr hópi starfsmanna. Þegar hann



Teikning: Haukur Már Ingólfsson

kemur að landi fær hann að flaka fisk sem hann veiddi til að fara með og grilla heima á tjaldstæðinu. Þeir sem fara í línuróður fá líka að taka með sér flök á grillið. Þeir sem koma bara til að horfa á og láta mynda sig geta keypt sér fisk í matinn. Saltfisk líka ef hann er tilbúinn.

Þetta er ekki veruleiki. Þetta er draumsýning. Vel framkvæmanleg en ekki nema einhver vilji kosta uppbygginguna og standa síðan undir hallarekstrinum. Hvar er sá?

SKJÓLVÍK er hugsuð sem lifandi sýning. Staður þar sem hægt er að horfa á og jafnvel taka þátt í þeirri verkmenningu sem tryggði tilvist allra sjávarþorpa á Íslandi fram á fyrri hluta síðustu aldar en er líklega hvergi til lengur. Og þeim fækkar óðum sem muna þessa tíma og kunna að segja frá.

Í útgerð sem þessa þurfti marga báta og í sumum sveitarfélögum voru bátasmiðir næstum að segja á öðrum hverjum bæ, sjómenn og bændur sem gengu aldrei í skóla en lærðu handverkið hver af öðrum. Og gerðu allt með handverkfærum.

Þessir starfshættir verða ekki endurvaktir nema sem tilbúin sýning. Þeir koma ekki aftur til að gegna því hlutverki sem þeir höfðu.

Hvað gerðist?

Nýir tímar báru með sér ný tækifæri, stærri báta, önnur veiðarfæri, öðruvísi vinnslu, meiri kröfur um meiri afla, meiri afköst færri handa. Við uggðum ekki að okkur. Þar sem húsin stóðu áður á sjávarbakkanum, hvert með sinn beitingaskúr, hvert með sinn árabát í fjörunni, jafnvel smá bryggju og vélbát eða trillu á legunni, þar er þetta allt horfið. Komin ný og stærri hús, skúrarnir farnir. Þeir grotnuðu niður og urðu óþarft drasl þegar þeir misstu hlutverk sitt. Tíminn hefur eytt þessu öllu. Við tókum ekki eftir neinu, upptekin af því að hreinsa til í kringum okkur og byggja nýtt.

Þegar við fórum svo einn góðan veðurdag að telja gömlu skúrana þar sem mannlífð blómstraði áður, pólitíkin var rædd og ástir tókust við línubalann, komumst við að því að það stendur bara einn eftir, ef nokkur.

Einn lítill, hrörlegur skúr til að bera vitni um lífið sem var. Kúrandi á bakkanum þar sem malbikuð gatan liggur hjá og stór hús með svölum og sólpalli gnæfa yfir.

FIMMTÍU OG TVÖ FARSÆL ÁR TIL SJÓS

Gunnhildur Hrólfsdóttir



Guðbjartur Gunnarsson

Guðbjartur Gunnarsson fæddist 11. febrúar 1940 og ólst upp á Stokkseyri til 14 ára aldurs. Foreldrar hans voru Gunnar Guðmundsson, seinna fangavörður, og Inga Guðmundsdóttir. Hann hóf sjómennsku 15 ára gamall þegar hann fékk pláss sem hálfdrættingur á togaranum Surprise frá Hafnarfirði tvo túra. Svo vann hann við fiskverkun í landi þar til leiðin lá til Ísafjarðar, þar sem hann réði sig 16 ára

gamall á togaranum Ísborgu og árið eftir á Hallveigu Fróðadóttur. Á Hallveigu var hann öðru hvoru í nokkur ár en reri á vertíðarbátum þess á milli. Guðbjartur lauk hinu meira fiskimannaprófi frá Sjómannaskólanum vorið 1961.

Hann var svo til sjós á ýmsum bátum og togurum, en lengst af vann hann hjá Hafrannsóknarstofnun sem stýrimaður og skipstjóri. Árin 1990-92 starfaði hann fyrir Próunarstofnun Íslands í Namibíu, sem stýrimaður á rannsóknarskipinu Benguela og sem kennari við sjómannaskólann í Luderitz. Árið 1997 sneri hann aftur til Namibíu í eitt og hálf ár, þá sem skipstjóri á rannsóknarskipinu Welwitshia og við kennslu í sjómannaskólanum í Walvis Bay.

Hundrað danskar krónur komu sér vel

Á Hallveigu Fróðadóttur gátu túrararnir oft verið langir þegar veitt var í salt. Í öðrum túr hans á Hallveigu voru þeir á veiðum við Vestur-Grænland. Kom þá að því að ná þurfti í kost, vatn og olíu. Siglt var til Færeyingahafnar á Grænlandi og fékk áhöfnin hundrað krónur danskar á mann til að nota í landi. Guðbjartur fór í einu búðina í bænum og sá þar kvikmyndavél uppi á hillu. Þekkti hann kassann því einn vinur hans átti svona vél. Hann keypti hana fyrir 49 krónur og fékk með tvær filmur. Fór hann strax að reyna gripinn og tók kvikmyndir af lífinu um borð. Myndirnar eru merkileg heimild um líf sjómanna á þessum tímum.



Rannsóknarskipið Welwitshia

Árið 1977 réðist hann til Eimskips sem háseti og bátsmaður. Var hann á Reykjafossi í tæpt ár. Árið 1978 hóf hann störf hjá Hafrannsóknarstofnun, á Dröfn, og seinna á gamla Árna Friðrikssyni. Eftir það var hann á hafrannsóknarskipum, fyrst í afleysingum, svo fastráðinn stýrimaður og seinna skipstjóri.

Kennsla í Slysavarnaskólanum

Á rannsóknarskipunum fengu starfsmenn öðru hvoru löng leyfi og þann tíma nýtti Guðbjartur til að vinna hjá Slysavarnafélaginu og leysti einnig af hjá Tilkynningaskyldunni, sem Slysavarnafélagið hafði umsjón með. Þegar félagið fékk gamla varðskipið Þór var hann þar við kennslu og fleira sem til féll.

Í fyrstu ferðum Sæbjargar (áður Þórs) var Guðbjartur stýrimaður, auk þess að sinna kennslu. Starfsemi Slysavarnaskólans féll í góðan jarðveg og hvar sem komið var til hafnar var tekið vel á móti skipi og áhöfn. Kennslan fór fram með fyrirlestur og sýnikennslu. Lokaæfingin var æfing á sjó og var þýrla notuð í þeim æfingum. Guðbjartur er minnstætt er þeir voru eitt sinn í Ólafsvík. Lokadag námskeiðsins var hávaðarok. Liður í æfingunni var að hífa menn úr sjó. Það gekk en þýrlan kastaðist til í vindhviðunum. Flugmanninum fataðist þó ekki flugið og var jafnharðan kominn með þýrluna aftur á hárréttan stað. Guðbjartur var sjálfur hífður upp úr sjó í þýrlu á æfingu. Flotgallar voru notaðir á æfingum.



© Guðbjartur Gunnarsson

Mikill munur er á aðbúnaði sjómanna í dag eða á fyrstu árum Guðbjarts til sjós. Áður var sjófatnaður lélegur klæðnaður sem hlífði illa við bleytu og kulda. Um borð var lítil aðstaða til að þrifa sig eða þurrka fatnað. Frammi voru reyndar vaskar og stöku sinnum fengu menn að fara í sturtu niðri í vél. Mjög sparlega varð að fara með vatn. Síðustu starfsárin var Guðbjartur skipstjóri á rannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni. Honum fannst skemmtilegt að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem tengjast hafrannsóknum og gott að vinna fyrir Hafrannsóknarstofnunina. Þegar hann lét af störfum voru 52 ár liðin frá því að hann var fyrst skráður til sjós. Eftir að hann hætti hefur aðaláhugamál hans verið ljósmyndun.

Á vit ævintýranna

1990 auglýsti Próunarsamvinnustofnun eftir mönnum til starfa í Namibíu. Þótti Guðbjartur það spennandi tilhugsun að dvelja og vinna erlendis og ræddi það við konu sína, Margréti Úlfarsdóttur. Var hún alveg til í það enda börnin flogin úr hreiðrinu. Ráðningartíminn var tvö ár. Hann fékk leyfi frá Hafró og vilyrði fyrir því að hann fengi stöðu sína aftur er hann kæmi til baka. Í ágúst 1990 héldu þau hjónin til Namibíu og dvöldu þar í tvö ár. Þar var Guðbjartur stýrimaður á rannsóknarskipinu Benguela og stundaði einnig kennslu í Luderitz, kenndi væntanlegum veiðieftirlitsmönnum grunnatriði í sjómennsku og siglingum. Spánverjar veiddu þá grimmt við Namibíu. Var það óásættanlegt að mati heimamanna sem tóku til sinna ráða. Það var Guðbjartur ógleymanlegt að fylgjast með þeirri aðgerð er Spánverjar voru teknir í landhelgi. Guðbjartur var þá á rannsóknarskipinu, í leiðindaveðri og lágu þeir í vari nærri Luderitz. Sá hann í radarnum að fimm skip nálgudust og stefndu til hafnar í Luderitz. Reyndust það vera spænskir togarar sem höfðu verið

teknir í landhelgi. Það var ævintýri líkast hvernig það gerðist. Leigð var stór þýrla frá Suður-Afríku. Flugvél var send á loft til að finna Spánverjana. Þegar þeir voru fundnir var þýrlan mönnum vopnuðum hermönnum og henni flogið að skipunum. Hermennirnir voru látnir síga niður og ef Spánverjarnir sýndu minnstu mótspyrnu voru byssurnar látnar tala. Það varð að sýna þeim fulla hörku. Togarnir fimm voru gerðir upptækir og yfirmenn settir í fangelsi. Skipin lágu lengi á firðinum við Luderitz, í að minnsta kosti tvö ár. Tveimur var reyndar skilað en hin voru lagfærð og gerð út af heimamönnum. Má segja að það hafi verið upphaf togarautgerðar í Luderitz.

Namibía hlaut sjálfstæði í mars 1990. Fólkið þar var vinsamlegt og maturinn góður. Þau hjónin fóru þangað aftur í janúar 1999 og dvöldu þá í eitt og hálf ár. Guðbjartur var þá skipstjóri á rannsóknarskipinu Welwitshia og stundaði einnig kennslu í sjómannaskólanum í Walvis Bay. Áhöfn rannsóknarskipisins sinnti rannsóknum á ástandi fiskistofna og lífríki sjávar. Fiskistofnarnir voru í lélegu ástandi eins og við var að búast eftir ofveiði erlendra fiskimanna, sérstaklega Spánverja. Rússar voru einnig á svæðinu og veiddu makríl. Í dag er engin aðstoð við Namibíu í gangi. Guðbjartur finnst að stuðningi hafi lokið of snemma miðað við brýna þörf.



„I am his product“

Þau hjónin héldu heim að lokinni viðburðaríki dvöl í Namibíu en fóru þangað í heimsókn árið 2005. Dag einn áttu þau erindi í verslun og á meðan þau biðu eftir þjónustu gekk maður í einkennisbúningi inn í búðina. Guðbjartur tók eftir því að hann gaf þeim auga. Þegar þau voru á leiðinni út kom maðurinn til þeirra og spurði hvort hann væri ekki Gunnarsson. Guðbjartur játti því og þá kom í ljós að þarna var kominn maður sem hann hafði kennt í Luderitz, 13 árum áður. Sagði hann til sín og sagðist vera orðinn foringi í sjóhernum. Sneri sér svo að konu Guðbjarts, heilsaði henni og sagði við hana: „I am his product.“ („Hann skapaði mig.“) „Þetta er eitthvert almesta hrós sem mér hefur hlotnast. Það gladdi mig mjög að verða vitni að því að það sem við höfðum verið að gera þarna í landinu hafði skilað sér“, sagði Guðbjartur.

Viltu taka þátt í lifandi, skemmtilegu og fræðandi félagsstarfi?

Vitafélagið-íslensk strandmennig heldur úti fræðslukvöldum í hverjum vetrarmánuði og málþingi á vordögum. Tekur þátt í öflugum samstarfi með systurfélögum á Norðurlöndum og gefur út blað einu sinni til þrisvar á ári.

Tækninördar og fólk undir þritugu er sérstaklega velkomið til starfa til að sjá um heimasíðu og fleira tæknitengt.

Einnig leitar félagið að húsnæði þar sem fjarfundarbúnaður er til staðar.

 **VITAFÉLAGIÐ**
íslensk strandmennig

Hafir þú áhuga hafðu samband við Sibbu í síma 823 4417 eða sibba.arna@gmail.com

SLYSAVARNARSKÓLI SJÓMANNA

Sigrún Klara Hannesdóttir

4. október 2023 flutti Höskuldur Einarsson erindi á fræðslufundi Vitafélagsins og sagði frá tilurð og starfsemi Slysavarnaskóla Íslands. Þetta var mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi og hér verður stiklað á stóru í sögu þessa merkilega skóla.

Þann 30. mars 1984 skipaði samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd til að vinna að tillögum um öryggismál sjómanna. Öllum var ljóst að slys tengd sjávarútvegi voru óásættanlega mörg og fjöldi sjómanna fórst á sjó og í höfnum landsins og því nauðsynlegt að bregðast við á einhvern hátt.



Ljósmynd. Guðbjartur Gunnarsson

Nefndin sem var undir forystu Péturs Sigurðssonar alþingismanns skilaði ítarlegum tillögum seinna sama ár og var ein tillagan sú að efna til námskeiðahalds fyrir sjómenn þar sem fjallað væri um ýmis öryggismál, svo sem brunavarnir og reykköfun, svo og notkun björgunarbúnaðar, svo dæmi séu tekin. Var Slysavarnafélagi Íslands falið að sjá um kennsluna og réði það Þorvald Axelsson til starfans. Þetta var kallað Öryggisfræðsla sjómanna. Haldnir voru „fræðslufundir“ á helstu verstöðvum landsins. Höskuldur Einarsson og Þórir Gunnarsson frá Landssambandi slökkviliðsmanna fóru með honum á þessa fundi. Fundirnir gerðu lítið til að auka öryggi, fóru meira í þras og deilur um aukaatriði að mati þeirra sem að þessu stóðu. Að þessum ferðum loknum kom fram tillaga um að halda frekar námskeið fyrir sjómenn. Fyrsta námskeiðið haldið 1985 í Slysavarnahúsinu við Grandagarð og stóð yfir í fjóra daga. Það var þarna sem heitið Slysavarnaskóli sjómanna varð til. Námskeiðið þótti takast mjög vel og þá var ekki aftur snúið. Mikil þróun hefur síðan átt sér stað í öryggismálum sjómanna.

Eitt stærsta stökkið í þessum málum var þegar skólaskipið Sæbjörg var tekin í notkun 1986. Sæbjörgin var áður varðskipið Þór. Búið var að gera nauðsynlegar breytingar á skipinu til að gera það hæfara til kennslu, s.s. að innrétta 70 fermetra kennslusal fyrir bóklega kennslu og svo aðstöðu fyrir þjálfun í reykköfun, æfinga með flotbúninga, meðferð gúmmibjörgunarbáta, Markúsarnet og fleira. Skipið fór yfirleitt eina til tvær kennsluferðir á ári og kom við á tveim til tíu stöðum. Farið var akandi í kennsluferðir um allt land á veturna því skipið hafði takmarkaða hæfðir. Öllum kennslubúnaði var því hlaðið í bíl og stóra kerru og kennt á viðkomustöðunum við misjöfn skilyrði.

Í október árið 1998 var starfsemi skólans flutt um borð í nýtt skip með sama nafni. Það skip var áður Akraborgin sem hætti siglingum vegna tilkomu Hvalfjarðarganga. En af hverju skip? Tilgangurinn var sá að hægt yrði að fara með skólann á helstu verstöðvar landsins til námskeiðahalds fremur en að allir þyrftu að koma til Reykjavíkur til að sækja fræðsluna eða kennarnir að aka með allan búnaðinn um landið þvert og endilangt.

Núverandi hlutverk Slysavarnaskóla sjómanna hefur ekki mikið breyst á þeim 40 árum sem námskeiðahaldið hefur átt sér stað. Það er að halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi. Námskeið skólans eru öllum opin, en á námskrá er að finna námskeið sem henta þeim sem vinna á sjó, við hafnir eða dvelja við leik og störf við ár eða vötn. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á fjölda námskeiða, sem sniðin eru með þarfir íslenskra sæfarenda í huga.

Markmið

- Að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og með almennri fræðslu um slysavarnir á sjó.
- Að vinna stöðugt að umbótum á fræðslu til íslenskra sjómanna um öryggismál á sjó.
- Að leggja áherslu á að námskeið og þjónusta skólans uppfylli ávallt væntingar viðskipavina skólans.
- Að aðstoða áhafnir í öryggismálum um borð í skipum þeirra.
- Að vera virkur þátttakandi í mótun öryggismála sjómanna.
- Að bjóða upp á skyldunámskeið varðandi öryggisfræðslu sjómanna, samkvæmt STCW samþykktinni miðað við þarfir íslenska skipastólsins.
- Að tryggja öryggi nemenda á námskeiðum með því að beita fyrirbyggjandi aðgerðum.

Lagaumhverfi skólans og sömuleiðs öryggismál sjómanna hafa batnað mjög í tímans rás. Um Slysavarnaskóla sjómanna eru gildandi lög nr. 33, frá 19. mars 1991. Þar segir í 1. gr. að Slysavarnafélag Íslands skuli starfrækja Slysavarnaskóla sjómanna og fer Slysavarnafélagið með yfirstjórn skólans, er starfar á vegum þess og ábyrgð. Árið 1999 voru Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sameinuð í Slysavarnafélagið Landsbjörg, sem tók yfir allar skyldur Slysavarnafélags Íslands varðandi Slysavarnaskóla sjómanna.

Í 14. gr. laga nr. 82/2022 um áhafnir skipa segir m.a.: Óheimilt er skipstjóra að halda úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir á skipið, séu með gilt atvinnuskirteini eða undanþágu í þá stöðu sem þeir eru lögskráðir í, skipið sé með gilt hæfðisskirteini, skipið sé mannað miðað við stærð þess, vélarafl, farsvið og útvist, staðfestingu á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt og með gilda áhafnartryggingu fyrir alla um borð.

5. gr. reglugerðar um lögskráningu sjómanna nr. 817/2010, kveður á um öryggisfræðslunámskeið. Þar segir m.a. að óheimilt sé að ráða mann til starfa eða lögskrá nema hann hafi hlotið öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila. Skylda til skráningar á öryggisfræðslunámskeið, hjá öðrum en skipverjum á farþega- og flutningaskipum, kemur þó ekki til fyrr en skipverji hefur verið lögskráður í 180 daga. Í 6. gr. reglugerðarinnar er jafnframt ákvæði um að öryggisfræðslu skipverja skuli endurnýja eigi sjaldnar en á fimm ára fresti með námskeiði við Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila.

Við skólann starfa nú 9 starfsmenn. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, gæða- og verkefnisstjóri, 5 kennarar / leiðbeinendur, skrifstofumaður og að auki ræstítæknir í hlutastarfi. Flestir starfsmenn gegna jafnframt störfum áhafnarmedlima þegar skipinu er á siglingu. <https://www.landsbjorg.is/slysavarnaskoli-sjomanna>

TÖFRAHEIMUR ÞARANS Sigrún Klara Hannesdóttir

Heimsókn til Katrínar Þorvaldsdóttur og Emblamar Studios

Það er eins og að ganga inn í töfraheim að heimsækja Katrínu Þorvaldsdóttur á verkstæði hennar þar sem hún þurrkar þara og gerir úr honum hin ótrúlegustu listaverk.

Katrín er vel menntuð á listasviðinu, stundaði nám í Danmörku og á Spáni. Hún hefur unnið í hin ýmsu listform. Hún hefur leikið á sviði, stýrt brúðuleikhúsi, unnið fyrir sjónvarp og haldið sýningar, bæði ein og í samvinnu við aðra listamenn.

Katrín er enginn nýgræðingur í þessari þara-list en hún hefur unnið með þang og þara í þrjátíu ár. Undanfarin ár hefur hún verið að gera tilraunir með að nota þetta náttúrulega efni til ýmiskonar listsköpunar. Hún fer niður í fjöru og safnar saman þaranum sem þar flýtur og skapar úr honum hinar ólíklegustu myndir. Hún segir þangið hafa alveg sérstakan karakter sem hefur mikil áhrif á alla listsköpun.

„Ef maður setur blautt leður á andlitsmót verður gríman alveg eins og mótið og hægt er að gera margar grímur sem allar eru eins. En þangið er allt öðruvísi efni og það er hægt að setja þang í sama mótið aftur og aftur og engar tvær grímur verða eins. Þangið ræður því hvaða andlit birtist, sem er hluti af því sem gerir það svo heillandi efnivið.“

Katrín hefur skapað sérstakan heim á verkstæði sínu en hún rekur fyrirtæki í Reykjavík sem hún kallar Emblamar Studio. Hún stofnaði það árið 2018 og vinnur þar með ýmiskonar nýsköpun. Má þar nefna að nýlega fékk hún einkaleyfi á aðferðum við að varðveita þara þannig að hann haldi sinni mykt og litum en rotni ekki eða harðni. Í Emblamar vinnur hún við að rannsaka eiginleika þarans og með listrænni innsýn hennar skapar hún alls kyns stórkostleg listaverk. Tilgangur fyrirtækisins er að þróa hagkvæma notkun á þaranum og gera hann að hráefni sem hægt er að nota til að framleiða markaðsvöru.

Í Emblamar Studio er að finna bæði þara og þang á mismunandi vinnslustigum. Katrín styður algerlega við hringrásarhagkerfið, safnar þaranum sjálf, þurrkar hann og mótar síðan úr honum listaverk. Í hennar huga að það náttúran sem er lifandi og hana ber okkur að varðveita og nýta; sérstaklega er henni umhugað um hafið sem hún kallar móðurlíf jarðar. Hún hefur einnig gert alls kyns tilraunir með að nota þang í tiskuflíkur og þarinn er svo einstakur að engar tvær flíkur verða eins.

Heimur Katrínar er fallegur heimur þar sem hún dvelur við listsköpun sína. Hún segist alltaf hafa haft þessa tengingu við umhverfið, náttúruna og þetta dulda sem er á bak við allt. Hún hefur skapað sér sinn eigin heim, heim sem er undurfallegur og sérkennilegur og á í raun engan sinn líka.



Slá, hönnuður: G Elsa. Pils, hönnuður: Victoria Pietrasik



Toppur, hönnuður: Polosophia. Slá (notuð sem pils) hönnuður: G Elsa

Spil VITAFÉLAGSINS AF VITUM LANDSINS



Vitafélagið – íslensk strandmenning hefur látið framleiða spil til styrktar starfsemi félagsins. Til liðs við sig fékk félagið Veigu Grétarsdóttur, kajakræðara og baráttukonu til að taka myndir af vitum. Myndirnar eru einstakar, teknar við öll hugsanleg veðurskilyrði, margar af sjó og frá óvenjulegu sjónarhorni. Fimmtíu og tvær myndir af vitum landsins vitna um fjölbreytileika þeirra og fagurt umhverfi. Samtímis sýna þær og segja sögu af erfiðleikum við að byggja þá og fyrir vitaverði að búa á afskektustu stöðum landsins.

Spilin eru til sölu hjá félaginu, söfnum og einstaklingum. Fylgist með á Facebook og heimasíðu félagsins www.vitafelagid.is og hjá Veigu <https://www.instagram.com/veigagretarsdottir/>



AFURÐIR ÚR DJÚPI HAFSINS

Gunnhildur Hrólfsdóttir



Arndís Jóhannsdóttir

Það hófst með námi í söðlasmíði

Dísa, eins og Arndís er alltaf kölluð fæddist árið 1956 og hefur frá því hún man eftir sér notið þess að búa eitthvað til í höndunum. Í Dalsgarði í Mosfellsdal þar sem hún ólst upp var hestamennska mikið stunduð. Kveikjan að námi hennar í söðlasmíði var sú að hún heyrði móður sína nefna það við einn af bræðrum hennar hvort hann hefði ekki áhuga á læra söðlasmíði. Bróðirinn hafði ekki áhuga en Dísu þótti það spennandi kostur og fór svo að hún lagði leið sína til London til náms. Eftir heimkomuna opnaði hún vinnustofu á Laugavegi 21. Einnig rak hún saumastofu á Laugavegi 178 í ein 15 ár. Hún á ennþá vélar og efni sem hún nýtti sem söðlasmíður. Í allt smíðaði hún að minnsta kosti 50 hnakka.

Fiskroð

Einn daginn kom til hennar kona og spurði hvort hún vildi kaupa af sér fiskroð. Dísa vissi ekki alveg um hvað hún var að tala og fór konan við svo búíð. Skömmu seinna kom konan aftur og bauð Dísu heim til sín. Maður konunnar hafði sútað roð og ætlað að nýta það í minjagripni en þá kom plastvarningur á markað og þá fjarði undan hugmyndum mannsins. Þegar þarna var komið við sögu var lagerinn búinn að liggja ónotaður í ein 40 ár og efstu roðin orðin hörð. En Dísa dró nokkur úr miðjum bunkanum og voru þau mjúk og afar falleg, lituð með ýmsum jurtalitum. Hún féll alveg fyrir áferðinni og keypti lagerinn eins og hann lagði sig. Síðan hefur hún unnið úr roði. Hún var spennt fyrir verkefninu, fór þó ekki á saumanámskeið heldur kastaði sér beint út í djúpu lauginu. Hún keypti sér saumavél sem hentar til að

laxi og þorski. Meðal þess sem heillaði Dísu við roðið var að það er alfarið innlend framleiðsla. Áður var því alltaf hent og nýttist því ekki í neitt. Vinnsla þess er svipuð því að súta leður. Í vinnslunni núna eru notuð umhverfisvænni efni en notuð voru í upphafi. Á hlýranum er ekki hreistur heldur er roðið meira eins og venjulegt leður og það sama má segja um steinbítinn. Laxaróðið er heldur þynnra. Dísa hefur einnig unnið úr roði af Nílarkarfa frá Afríku en hreistrið á honum er mikið grófgerðara en á karfanum hér við land. Þorskroðið er það roð sem er líkast mannhúðinni og eru unnið úr því húð- og hjúkrunarlyf. Aðallega hefur Dísa notað steinbíts - og laxaróð. Til dæmis klæddi hún stigahandrið í vestnorrænu menningarhúsi í Danmörku með steinbítsroði og sá ekki á því eftir tíu ár. Roð er notað í húsgögn, skó og föt, svo eitthvað sé nefnt. Dísa hefur sérhæft sig í skálum og minni hlutum, eins og gestabókum. Hún tók þátt í samkeppni um lítinn, íslenskan minjagrip og sigraði með lyklakippu, fiski úr fiskroði. Fiskroð hefur marga góða eiginleika, það er þunnt og sterkt. Ókosturinn er sá að roðin eru smá og ef búa á til stóra hluti þarf að saum mörg roð saman. Stundum notar hún roð með öðru leðri.

Covid setti strik í reikninginn

Vinnuaðstaða og heimili Dísu er í Húsi verslunarinnar í Kringlunni. Kirsuberjatréd rekur hún með tíu listakönum. Á meðan Covid geisaði kom ekki hræða í búðina í heilt ár. Ekki seldist og því ekki ástæða til að víða að sér hráefni. Dísa fór þá að nýta til fullnustu roðafanga sem hún átti og úr urðu falleg veski. Má segja að hugmyndin hafi orðið til í neyð.

Hlutir úr roði vekja hrifningu erlendra ferðamanna

Ferðamenn sem flestir eru erlendir eru áhugasamir og hrifnir þegar þeir skoða gripni unna úr roði. Áður voru þeir flestir Þjóðverjar, Norðmenn og aðrir Evrópubúar en nú eru það mest Ameríkanar. Skýringin gæti verið sú að vinnsla úr roði er hafin í einhverjum mæli í nágrennalöndunum.

Kynning og sýningar

Dísa hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði innanlands og erlendis. Hún dvaldi í mánuð í París og sýndi þar vörur sínar og einnig hefur hún tekið þátt í sýningum í National Gallery of Womens Art í Washington í Bandaríkjunum. Með Vitafélaginu hefur hún ferðast innanlands, til Álandseyja, Noregs og Færeyja. Laxaróðin sem fást í dag eru af eldisfiski, hlýraróð eru að vestan, annað er keypt beint af frystihúsunum. Roð voru stærri þegar hún byrjaði að nýta þau í list sinni. Í fyrstu voru það aðeins steinbítsroð og voru þau gríðarlega



sauma roð. Í byrjun saumaði hún tölvutöskur sem hún hafði til sýnis í vinnustofu sinni á Laugaveginum.


Áttatíu ára gömul fiskroð

Hún vissi ekki alveg hvernig hún gæti nýtt efstu roðin í bunkanum, þessi hörðu, en hún tímdi aldrei að fleygja þeim. Núna, 40 árum síðar, er hún búin að finna lausnina og notar hún því 80 ára gömul fiskroð í sum af sínum verkum.

Söðlasmíði reynir mjög á hendurnar og eftir tíu ár í faginu var Dísa farin að finna verulega til eymsla í höndunum. Hún sneri sér því alfarið að vinnslu úr roði og hefur unnið við það síðan. Sútunarverksmiðja á Sauðárkróki hóf sútun á fiskroði seint á síðustu öld, aðallega af hlýra,

stór miðað við roðin sem standa til boða í dag. Upphaflega fylgdi bakugginn og sporðurinn og var sporðurinn klofin í tvennt, mjög spennandi hráefni. Í dag fæst aðeins roð af fiski sem hefur verið roðflettur í vél og það er allt annað.

Dísa hefur alltaf unnið ein. Meðfram vinnu í versluninni tekur hún við sérþóttunum. Hún hefur starfað með félagi sem heitir Handverk og hönnun. Það stendur fyrir sýningum tvisvar á ári og hún hefur einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum á þeirra vegum. Mest spennandi finnst henni í dag endurnýting á efni. Samstarfskonur hennar í Kirsuberjatrénu nota ýmis efni og það er einmitt það sem heillar Dísu núna; að breyta og nýta gamalt og gera úr því fallega nytjahluti.



VITAFÉLAGIÐ

Íslensk strandmenning

STIKLAÐ Á STÓRU Á 20 ÁRA FERLI



Vitafélagið – íslensk strandmenning www.vitafelagid.is var stofnað árið 2003 sem frjáls félagasamtök og telur nú á þriðja hundrað féлага. Á meðal stofnfélaga má nefna Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd, Siglingastofnun og Sjóminjasöfn auk einstaklinga. Félagið hefur hefur haft það að meginmarkmiði sínu að efla vitund Íslendinga um þau miklu menningarverðmæti sem liggja í og við strendur landsins, aðstoða við uppbyggingu strandmenningar, skapa tengsl og efla samstarf við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum sem vinna að eflingu strandmenningar. Strandmenning er nýyrði sem Vitafélagið hefur kynnt og lagt áherslu á í allri sinni starfsemi.

1. Friðun vita. Í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins stóð Vitafélagið -íslensk strandmenning að fyrstu friðlýsingu íslenska vita sem fram fór við hátíðlega athöfn að viðstöddum ráðherrum 1. desember 2003 í Gróttu. Friðlystu vitarnir sjö eru : Arnarnesviti við Skutulsfjörð (byggður 1902 endurbyggður 1921), Bjargtangaviti (1913 endurbyggður 1923 og 1948), Dyroláey (1927), Garðskagaviti hinn eldri (1897), Hríseyjarviti (1920), Malarrífsviti (1946) og Reykjanesviti (1907). Með friðuninni er lögð áhersla á varðveislu þessara merku menningarverðmæta.

2. Mánaðarlegir fræðslufundir sem bera samheitið: Spegill fortíðar-silfur framtíðar. Yfir vetrarmánuðina er efnt til fræðslu- og skemmtifunda sem fyrstu árin voru í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina sem útvegaði húsnæði. Síðustu ár hafa ýmsir hagsmunaaðilar styrkt fundina. Á fræðslufundunum er strandmenningin skoðuð frá ýmsum hliðum og má þar nefna yfirskriftin; Strandmenning – auður og ógnir, Landhelgi Íslands, Konur og strandmenning, Handverk og hefðir, Tónlist við sjávarsíðuna, Strandnytjar, Matarmenning, Staða strandmenningar frá ólíkum sjónarhólum árið sem Ísland varð fullvalda ríki og svo framvegis. Á þessum fundum fjalla sérfróðir einstaklingar um viðfangsefnið. Fræðslukvöldin eru ætíð vel sótt og mæta á bilinu 65-180 manns á hvern þeirra. Fundirnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis.

3. Hafíð, fjaran og fólkið - menningararfleifð, tækifæri og ógnir sjávarbyggða. Á hverju ári heldur Vitafélagið – íslensk strandmenning vorþing í sjávarbyggðum landsins í samstarfi við heimamenn. Dagskrá hvers vorþings tekur mið af staðsetningu og sérkennum viðkomandi svæðis. Að skipulagningu koma sveitarfélög, stofnanir og einstaklingar. Vorþing með fyrirlestur og fræðsludagskrá um íslenska strandmenningu hafa m.a. verið haldin á Ísafirði, í Grindavík, á Húsavík, Neskaupstað, Akureyri, Akranesi, Vopnafirði, Patreksfirði og Þingeyri.

4. Norrænar strandmenningarhátíðir. www.nordiskustkulturr.com Formaður Íslenska vitafélagsins er hugmyndasmiður og

upphafsmaður að norrænu strandmenningarhátíðunum sem haldnar voru árlega frá 2011-2018. Fyrsta hátíðin var haldin undir heitinu Sail Húsavík, en síðan þá hefur yfirskriftin verið Nordisk kustkultur. Hátíðin 2012 var haldin í Ebeltoft í Danmörku, Karlskrona í Svíþjóð 2013, Oslo 2014, í Mariuhöfn á Álandseyjum 2015, í Vági í Færeyjum 2017 og á Siglufirði 2018. Hátíðirnar hafa vaxið og dafnað með hverju ári og eru allar norrænu þjóðirnar og sjálfstjórnarríkin nú virkir þátttakendur. Vitafélagið - íslensk strandmenning hefur tekið mjög virkan þátt í þessum hátíðum og hafa yfir hundrað Íslendingar sótt hátíðirnar hverju sinni sem virkir þátttakendur á vegum félagsins. Nú undirbúa norrænu samtökin mikla ráðstefnu og námskeið um norræna súðbyrta báta sem haldið verður í Hróaskeldu og Holbæk, 21. – 22. september 2023.

5. Útgáfustarfsemi. Vitafélagið – íslensk strandmenning gefur út fréttabréf tvisvar á ári þar sem sagt er frá því sem helst er á döfinni á hverjum tíma. Einnig hefur félagið gefið út fyrirlestra sem haldnir voru á hátíðinni Sail Húsavík og spil með myndum af ýmsum þáttum vita- og strandmenningar á Íslandi.

6. Ráðstefnur: Vitafélagið-íslensk strandmenning stóð fyrir norrænni ráðstefnu í Stykkishólmi árið 2006 undir heitinu **Vitar og strandmenning á Norðurlöndum**. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við norrænu vita- og strandmenningarfélögin. Viðfangsefni ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu árið 2007 var **Strandmenning Íslands, staða hennar og framtíð**. Þar voru á dagskrá fjöldi áhugaverðra fyrirlestra sem tengdust strandmenningu með einum eða öðrum hætti. Vitafélagið fékk til liðs við sig Ferðamálastofu, Ferðamálastöð Álands, Siglingastofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Félagið átti aðild að norrænni ráðstefnu um **Vita og strandmenningu á Norðurlöndum sem haldin var á Álandseyjum í júní 2010**. Félagið var aðili að ráðstefnunni **Sjávartengd ferðaþjónusta á norðurlöndum - auður hennar og ógnir** sem haldin var á Akureyri 2013 á vegum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.





7. Málþing um verndun og nýtingu trébáta var haldið í Sjóminjasafninu Víkinni 6. maí 2011 í samstarfi við Faxaflóahafnir og Samtök íslenskra sjóminjasafna. Í samvinnu við íbúa og aðstandendur í Garðinum var efnt til **Vita- og vísnahtíðar í Garðinum 2012.**




8. Bátasmiði. Haustið 2008 aðstoðaði Vitafélagið - íslensk strandmenning við að koma á samstarfi á milli Síldarminjasafnsins á Siglufirði og Bátaverndarmiðstöðvar Norður-Noregs í Gratangen. Markmið verkefnisins var að endurvekja bátasmiði á Siglufirði, miðla þekkingu á milli landanna og læra handverkið. Tveir Siglufirðingar, Björn Jónsson trésmiður og Örlýgur Kristfinnsson, safnstjóri dvöldu í Gratangen á nokkurra vikna námskeiði í bátasmiði. Ári síðar kom Björn Lillevoll bátasmiður til Siglufjarðar og í samvinnu við Skúla Thoroddsen trésmið Síldarminjasafnsins smíðuðu þeir bát með eyfirska laginu. Farið var í öllum aðalatriðum eftir "Bát Soffiu á Nesi" sem smíðaður var í Slippnum á Siglufirði 1934. Þessi leið er talin heppileg til að endurheimta skipulega forna þekkingu í hefðbundinni bátasmiði. Tveir menn að auki, Björn Jónsson og Sveinn Þorsteinsson, gamalreynir úr Slippnum, komu einnig að smíði bátsins.



9. Garðskagaviti. Félagið lét smíðaljóshús á gamla vitann á Garðskaga og var það sett upp í maí 2016. Vitinn er næstelsti viti landsins, byggður 1897 og er jafnframt næstelsta steinhús landsins, hannaður af danska verkfræðingnum Thorvald Krabbe sem var starfsmaður dönsku vitamálastofnunarinnar.



10. Ljósmál – heimildarkvikmynd um vita landsins. Heimildarkvikmyndin Ljósmál, sem fjallar um vita landsins og er 70 mín að lengd, var frumsýnd í Bíó



Paradís 9. nóvember 2019 og sýnd á RÚV 2022. Handritshöfundur myndarinnar er Kristján Sveinsson, sagnfræðingur sem var einn af stjórnarmönnum Vitafélagsins. Kvikmyndagerðarmaðurinn Einar Þór Gunnlaugsson annaðist leikstjórn en Sigurbjörg Arnadóttir, formaður var aðal framleiðandi myndarinnar fyrir hönd Vitafélagsins, í samstarfi við RÚV og Kvikmyndamiðstöðina. Saga íslenska vitans er einstök, því vitinn rauf bæði einangrun þjóðarinnar og færði henni tæknibyltinguna.

11. Verkþekking við sjávarsíðuna – auður til arfs. Málþing haldin á Covid-tímanum frá október 2021 til október 2022 í samstarfi við heimamenn á Akureyri, Siglufirði, Flateyri, Vestmannaeyjum, Eskifirði og Stykkishólmi og í samvinnu við menningarráðuneytið.

12. UNESCO og smíði súðbyrðings. Norrænu strandmenningarsamtökin/Nordisk kustkultur www.nordiskkustkultur.com unnu að því að koma handverkinu við smíði súðbyrðing á lista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf heimsins (Intangible Cultural Heritage) og tóku Norðmenn að sér að stjórna því verki. Félag þeirra Kysten sem er systurfélag Vitafélagsins, hefur fimm stöðugildi auk blaðamanns og því var auðveldara fyrir þau en flest hinna félaganna að bæta þessu á sína könnu. Vitafélagið - íslensk strandmenning vann hins vegar alla undirbúningsvinnu á Íslandi. Þann 30. mars 2020 var tilnefningin síðan afhent UNESCO í París, undirrituð af ráðherrum menningarmála allra norrænu ríkjanna sem og sjálfstjórnarríkjanna, Færeyja og Álandseyja. Stutt heimildarmynd var send inn ásamt umsókninni.

Handverk og hefðir við smíði súðbyrðings var síðan formlega sett á lista UNESCO 14. desember 2021 og undirrituð fyrir Íslands hönd af Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra menningarmál.

13. Kynning á súðbyrðingum. Árið 2022 hélt félagið kynningu á súðbyrðingum ásamt Einari Jóhanni Lárussyni, bátasmið og fulltrúa frá Menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Þeir staðir sem voru heimsóttir eru: Siglufjörður, Akureyri, Flateyri, Vestmannaeyjar, Eskifjörður og Stykkishólmur.

14. Námsferð til Svíþjóðar. Fyrstu viku maímánaðar 2023 stóð Vitafélagið - íslensk strandmenning fyrir kynnisferð til Svíþjóðar til að heimsækja bátasmiðaskóla og kynna þvi hvernig Svíar standa vörð um verkþekkingu við smíði tréskípa og -báta. Ásamt formanni Vitafélagsins voru með í för Einar Jóhann Lárusson nýútskrifaður bátasmiður, Birkir Þór Guðmundsson áhugamaður um bátavernd, Aníta Elefsen safnstjóri Síldarminjasafnsins á Siglufirði og Hrafnkell Marínósson kennari við Tækniskólann. Tveir lýðháskólar voru heimsóttir, sem báðir bjóða tveggja ára nám í bátasmiði. Annar þeirra, Skeppsholmens Folkhögskola stendur í miðborg Stokkholms en hinn, Stensunds Folkhögskola er staðsettur utan við Trosa, 70 km. suður af Stokkholmi.

Hópurinn fékk einnig kynningu á starfsemi Stockholms Båtsnickeri - bátasmiðju sem starfrækt er í úthverfi borgarinnar. Þar starfa fimmtán bátasmiðir í fullu starfi við viðgerðir, viðhald og nýsmíði á tréskípum. Nær allir starfsmennirnir sóttu menntun sína í bátasmiðum við Skeppsholmen lýðháskólann

15. Ráðstefna um huglægar menningarminjar í Hrórarskeldu og Holbæk. Dagana 21. og 22. september 2023 stóð félagið að ráðstefnu í Hrórarskeldu og Holbæk í Danmörku ásamt öðrum grasrótarsamtökum á Norðurlöndum sem stóðu að undirbúningsvinnu við að koma súðbyrðingnum á lista UNESCO. https://www.vikingskibsmuseet.dk/frontend/Dokumenter/Endeligt_program_IKAK_23__opdateret_14-09-23.pdf Á ráðstefnunni var vöngum velt yfir stöðunni og verkefnum framtíðarinnar.

Íslendingar eiga eina menningararfleið á lista Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna UNESCO. Það er handverk og hefðir við smíði súðbyrtra báta sem samþykkt var á lista þeirra yfir óáþreifanlegar menningarminjar sem ekki mega glatast 14. desember 2021. Á ráðstefnu norrænu strandmenningarfélaganna dagana 20-21 september 2023 skrifuðu fulltrúar félaganna, ásamt gestum, undir samning sem byggir á niðurstöðum UNESCO og þeim skuldbindingum sem stjórnvöld á Norðurlöndum undirgengust við skráninguna.

Norræni súðbyrðinga-sáttmálinn

Sáttmáli um varðveislu norrænna súðbyrðinga

Kynnt á ráðstefnu um norrænar súðbyrðingahefðir, Hrórarskeldu og Holbæk, 21. – 22. september 2023

Norræni stýrihópurinn um skráningu á norrænum súðbyrðingahefðum á fulltrúalista Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns, hefur undirbúið þennan sáttmála og samþykkt eftirfarandi:

Inngangur:

- Súðbyrðingahefðirnar eru ómissandi hluti af menningararfi íbúa Norðurlandanna, þar á meðal frumbyggja og minnihlutahópa.
- Varðveita verður norrænar súðbyrðingahefðir sem lifandi menningararfleið.
- Varðveisla norrænna súðbyrðingahefða skal byggja á samþykkt UNESCO um verndun hins óáþreifanlega menningararfs.
- Varðveisla norrænna súðbyrðingahefða verður að byggjast á sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Stuðla verður að varðveislu norrænna súðbyrðingahefða sem lifandi menningararfs með bestu starfsvenjum á sviði sjálfbærni og styðjandi umhverfis, rammaskilyrða, úrræða og umhverfis til að iðka hefðina.
- Hlutum af norrænu súðbyrðingaarfleifðinni er ógnað. Það er þörf á verndaraðgerðum nú þegar með viðeigandi úrræðum og stuðningi til réttar verndar.

Markmið

1. grein – Markmið

Tilgangur sáttmálans er að stuðla að og tryggja vernd norrænna súðbyrðinga sem lifandi menningararfs.

2. grein – Meginreglur um vernd

Leiðbeinandi reglur um flutning og framhald á norrænu súðbyrðingahefðunum á að hanna í sameiningu á norrænum vettvangi. Þær eiga að stuðla að vernd á staðbundnum súðbyrðingahefðum með áherslu á staðbundnar byggingarvenjur og notkun.

Skilgreiningar

3. grein – Súðbyrðingur

Báturinn, sem smíðaður er með þunnum fjöllum, er að finna í mörgum afbrigðum á norrænum svæðum. Bataborðin eru sameinuð með járn-, kopar-, eða trénóglum en einnig er hægt að reima þau saman með lindbasti, rótum eða öðru. Þeir eiga það sameiginlegt að neðri brún fjalar leggst ofan á efri brún næstu fjalar fyrir neðan þannig að borðin skarast. Nú, sem fyrr, smíðar bátasmiðurinn bátinn samkvæmt staðbundnum smíðavenjum við náttúrulegar aðstæður. Nálægð við réttar náttúruauðlindir er aðalatriðið. Bátasmiðurinn leitar oft sjálfur eftir trjánum sem hann þarf í skóginum og gerir miklar kröfur til gæða efnisins. Þessi byggingaraðferð er að mestu leyti sameiginleg fyrir allar tegundir súðbyrðinga á öllum Norðurlöndunum.

4. grein – Óáþreifanlegur menningararfur og lifandi hefð

Skilja verður norrænar súðbyrðingahefðir sem óáþreifanlegan menningararf og lifandi hefð sem gekk frá kynslóð til kynslóðar og þróaðist í nokkur þúsund ár. Súðbyrðingahefðirnar eru fjölbreyttar og aðlagðar að staðbundnum aðstæðum ásamt sjálfbærri notkun. Bátasmiðir sem styðjast við hefðir, svæðisbundin félög, söfn, menntastofnanir og önnur samfélög á Norðurlöndunum bera þekkinguna áfram á byggingu og notkun súðbyrðinga með starfsemi sinni eins og ferðum, róðri, siglingum, viðburðum, veiðum, þjálfun og sjálfbærri útivist.

5. grein – Tengd þekkingarsvið

Hin hefðbundna þekking og færni handverksmanna sem framleiða reipi, segl, bátasaum, tjöru, hamp, hörfræoliu, verkfæri og önnur efni sem þarf til að byggja eða viðhalda súðbyrðingum er einnig hluti af súðbyrðingahefðinni.

6. grein – Landfræðileg staðsetning

Einastaklingar, umhverfi, samtök og stofnanir sem færa áfram þekkingu eða auðvelda starfsemi sem tengist súðbyrðingum er að finna á strand-, og sjávarsvæðum, í fjörðum og á eyjum, við ár og farvegi í Danmörku, Færeyjum, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og á Álandseyjum. Samískir og kvenskir hefðarberar og samfélög er að finna á norðurslóðum og á heimskautasvæðum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Framkvæmdir og viðhald er staðbundið í bátaskýlum, á verkstæðum, í strandmenningarmiðstöðvum og á söfnum. Súðbyrðingahefðirnar eru einnig stundaðar á nálægum svæðum fyrir utan Norðurlöndin, til dæmis í löndunum í kringum Eystrasaltið og við Norðursjó.

7. grein – Ítarleg skilgreining í færslutexta

Aðalheimild fyrir ítarlegri skilgreiningu á hvað norrænar súðbyrðingahefðir eru, má finna í skjalinu „UNESCO, 16.COM 8.b., 1. kafli – Auðkenning og skilgreining á þáttum“.

8. grein – Hefðarberar halda utan um menningararfinn

Haldið er utan um óáþreifanlegan menningararf sem tengist súðbyrðingahefðinni og komið áfram af hefðarberum og iðkendunum sjálfum. Það eru þeir sem eiga rétt á að viðurkenna norrænar súðbyrðingahefðir sem hluta af sínum menningararfi. Þetta verður að vera grundvöllur framtíðarvinnu með verndun.

LJÓSMÁL



Vernd með notkun**9. grein – vernd með notkun**

Meginreglan um miðlun þekkingar um norrænar súðbyrðingahefðir eru vernd með notkun.

10. grein – Hefðbundin þekking

Þekkingin á norrænum súðbyrðingahefðum færir frá kynslóð til kynslóðar. Þetta sjónarhorn mun leggja grunn að framtíðarstarfi með verndun. Bygging og notkun þarf að byggjast á hefðbundinni staðkunnáttu eftir því sem kostur er.

11. grein – Markaðurinn

Til að hefðin lifi áfram verða bátasmiðir að geta lifað af sinni starfsemi. Fyrir þetta verður að þróa og styðja við atvinnustarfsemi innan greinarinnar. Sáttmálinn á að hvetja til sölu og markaðssetningar og þar með stuðla að byggingu og viðhaldi á fleiri súðbyrðingum og notkun þeirra.

Ábyrgð, stuðningur og rammaskilyrði**12. grein – Úrræði, stuðningur og rammaskilyrði**

Þróa þarf góðan námsvettvang, rammaskilyrði og stuðning við svæðisbundna hópa sem gera þeim kleift að iðka súðbyrðingahefðir. Það felur einnig í sér verklegt nám og aðstöðu eins og bátaskýli, verkstæði, strandmenningarstöðvar og söfn til bygginga, viðhalds og notkunar sem gefa góða umgjörð til þekkingar og kennslu. Fyrirtækin eru einnig háð stuðningskerfum frá hinu opinbera ásamt möguleikum til menntunar.

13. grein – Ábyrgð

Stjórnvöld á Norðurlöndunum bera formlega ábyrgð á því að mæta þeim nauðsynlegu ráðstöfunum til að tryggja vernd hins óápreifanlega menningararfs sem er að finna á þeirra yfirráðasvæði. Vernd í þessu samhengi þýðir ráðstafanir til að standa vörð um hagkvæmni norrænar súðbyrðingahefðar, þar með talið kortlagningu, skráningu, rannsóknir, varðveislu, verndun, eflingu, styrki og framhald, sérstaklega með formlegri og óformlegri menntun. Þetta á að gera með sem mestri þátttöku frá nærumhverfinu, hópum og einstaklingum sem skapa og viðhalda þekkingu og stuðla að starfsháttum sem tengjast norrænu súðbyrðingahefðunum.

14. grein – Þörf á tafarlausum aðgerðum

Ákveðnum þáttum af norrænu súðbyrðingaerfleifðinni er ógnað. Þörf er á tafarlausum aðgerðum nú þegar með úthlutun viðeigandi styrkja og fjármagns til að tryggja rétta verndun.

15. grein – Viðurkennd skjöl

Við hlið sáttmála UNESCO um verndun óápreifanlega menningararfsins byggir norræni súðbyrðingasáttmálinn um áletrun norrænna súðbyrðingahefða á fulltrúaskrá UNESCO yfir óápreifanlegum menningararfi mannkyns. Með tilvísun í skjalið „Norrænar súðbyrðingahefðir, áletrun, UNESCO, 16.COM 8.b“.

Þetta tvennt, samnings-, og yfirskriftartexta, ber að skilja sem skjöl frá opinberum stjórnvöldum fyrir framtíðarvinnu við verndun og stjórnun norrænna súðbyrðingahefða.

16. grein – Norrænar og innlendar verndunaráætlanir

Fylgja þarf ákvæðum í þessum sáttmála eftir með reglubundnum verndaráætlunum bæði á Norðurlöndunum og á landsvísi í hverju landanna fyrir sig. Tímabil verndaráætlanna skulu fylgja áætlun aðildarríkjanna um skýrslugjöf til UNESCO þannig að ljóst sé hvaða aðgerðir og áætlanir eru innleiddar til að tryggja almennilega vernd og rétta stjórnun norrænna súðbyrðingahefða í skjóli ábyrgra yfirvalda og samfélaga.

Eftirtaldir aðilar tóku þátt í starfi stýrihóps við gerð sáttmálans um verndun norrænna súðbyrðingahefða:

Anders Bolmstedt (Föreningen Allmogebåtar, Svíþjóð)
 Astrid Olhagen (Ålands Skötsbåtförening, Álandseyjar)
 Fredrik Leijonhufvud (Skeppsholmens Folkhögskola, Svíþjóð)
 Heini Hátún (Færeyjar)
 Johanna Björkholm (KulturÖsterbotten, Finnland)
 Kirsten "Pipsen" Monrad Hansen (Han Herred Havbåde, Danmörk)
 Kristina Djurhus Christiansen (Nasjonalmuseet, Færeyjar)
 Lars Leijon (Föreningen allmogebåtar, Svíþjóð)
 Ove Stødle (Mearrasiida/Sjøsamisk kompetansesenter, Noregur/Sápmi)
 Sami Uotila (Suomen puuveneilijät, Finnland)
 Sigurbjörg Árnadóttir (Vitafélagið-Íslensk strandmenning, Ísland)
 Søren Nielsen (Vikingskibsmuseet, Danmörk)
 Tore Friis-Olsen (Forbundet KYSTEN, Noregur)
 Tove Aurdal Hjellnes (Forbundet KYSTEN, Noregur)
 Ture Møller (Kystliv Holbæk, Danmörk)

Sáttmálinn er ritaður á eftirfarandi norrænum tungumálum; dönsku, finnsku, færeysku, íslensku, kvensku, norður-samísku, norsku og sænsku ásamt ensku og frönsku. Allar útgáfur hafa sama gildi.

5. september 2023, Norræni stýrihópurinn um innritun norrænna súðbyrðingahefða á fulltrúalista UNESCO yfir óápreifanlegan menningararf mannkyns.

Sérstakar þakkir fyrir veittan stuðning fá:

Norsk Håndverksinstitutt



Minjastofnun Íslands



Vignir G. Jónsson ehf.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



Akraneskaupstaður



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

LIFANDI HEFÐIR



Byggðasafnið
í Görðum



LITRÓF

NÁTTÚRUVAKTIN